

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *49. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 21. feb. 2013, kl 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. feb.
3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.
4. Gjaldskrárhloti fasteigna- og þjónustugjalda 2013, síðari umræða.
5. Gjaldskrár hitaveitu Skútustaðahrepps.
6. Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða, 84. mál.
7. Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 204. mál.
8. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Ásmundi J. Kristjánssyni v/ Gistiheimilisins Stangar ehf.
9. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 28. jan. viðhorfskönnun vegna endurskoðunar á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulspjóðgarðs.
10. Erindi frá sýslumanni ósk um samþykki fyrir afskriftum opinberra gjalda.

Til kynningar:

Bréf U.M.F.Í dags. 24. jan.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

## 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

## 2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. feb.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir vinnubúðir Landsvirkjunar og verktaka vegna Bjarnarflagsvirkjunar.

Nefndin getur ekki samþykkt stöðuleyfið þar sem ekki eru uppfyllt ákvæði 51. gr. reglugerðar nr. 112/2012 auk þess sem fullnægjandi gögn samkvæmt ákvæðum nýrrar skipulagsreglugerðar hafa ekki borist. Þegar úr þessu hefur verið bætt leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að leita eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með umræddri framkvæmd skv. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 123/2010, ákvæði til bráðabirgða.

Í öðrum lið er tekið fyrir erindi frá Landmótun f.h. Islandia hotel ehf. þar sem óskað er eftir að skilmálum í tillögðu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem nú er til meðferðar verði breytt frá núverandi ákvæði í sem heimilaði allt að tveggja hæða hótélbyggingu í landi Grímsstaða, í allt að þriggja hæða hótélbyggingu.

Nefndin heimilar lóðarhafa að láta vinna og leggja fram deiliskipulag að hótellóð í landi Grímsstaða skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010. Þá leggur nefndin til að málsmeðferð vegna breytingar á aðalskipulagi verði skv. 30-32 gr. laga nr. 123/2010 og hún kynnt og auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi.

Í þriðja lið er tekin fyrir beiðni um umsögn um tilkynningarskyldu framkvæmda vegna skógræktar í landi Garðs 2, hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Markmið skógræktarinnar er fyrst og fremst að búa til uppsprettu fræs af víði, birki og ilmreyni til þess að stuðla að áframhaldandi gróðurframvindu á svæðinu.

Nefndin telur að þar sem skógræktarmarkmið í Garði 2 eru í samræmi við meginmarkmið sveitarstjórnar sem fram koma í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sé ekki þörf á umhverfismati vegna fyrirhugaðrar skógræktar á þessu svæði.

Í fjórða lið eru lagðar fram endurskoðaðar gjaldskrár fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og hitaveitu í Birkilandi.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við gjaldskrárnar, en leggur þunga áherslu á að sveitarstjórn gangi frá hitaveitusamningum við íbúa í Vogum sem fyrst.

Undir fimmta lið kom Lárus Björnsson á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir ýmsum málum varðandi hitaveituna.

Nefndin felur Karli Emil og Birgi að fara yfir og uppfæra framkvæmdaáætlun hitaveitu í samráði við ráðsmann og að endurskoðuð áætlun verði lögð fyrir næsta fund nefndarinnar. Þá sér nefndin ekki ástæðu til að samþykkja erindi landeigenda í Vogum um frían aðgang að vatni til vinnuvélaþrifa.

Í sjötta lið er tekin fyrir að nýju tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillagan var auglýst skv. 31. gr. laga nr. 123/2010. Athugasemdafrestur var frá og með 26. október til og með 7. desember 2012. Undir þessum lið mætti Árni Ólafsson, arkitekt til fundar og var nefndinni til ráðgjafar varðandi yfirferð og svör við athugasemdum. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir eða umsagnir:

1. Fulltrúar eigenda Reykjahlíðar II, III og IV.
2. Landsnet.
3. Kristín Þuríður Sverrisdóttir, Víðhlíð.
4. Pétur Snæbjörnsson f.h. Reynihlíðar hf.
5. ISAVIA.
6. Vegagerðin.
7. Héðinn Sverrisson, Geiteyjarströnd.
8. Skógrækt ríkisins.
9. Umhverfisstofnun.
10. Landgræðsla ríkisins.
11. Sigfús Illugason, Bjargi.
12. Þingeyjarsveit.
13. Jón Illugason, Helluhrauni 15.
14. Ólafur H. Jónsson f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.
15. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga (barst eftir lok athugasemdafrests).

Í fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar er ítarlega farið yfir umsagnir, athugasemdir og svör við þeim og lagðar fram tillögur að svörum og breytingum þegar það á við, og verður það ekki rakið nánar hér. Athugasemd Náttúruverndarnefndar Þingeyinga verður ekki færð til bókar þar sem hún barst eftir lok athugasemdafrests. Þá kemur fram í fundargerðinni að við umfjöllun nefndarinnar um athugasemdir Péturs Snæbjörnssonar, viku þau Margrét Hólm og Pétur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

Sveitarstjóri vék af fundi á meðan sveitarstjórn afgreiddi athugasemdir Landeigenda Reykjahlíðar ehf. við tillögu að aðalskipulagi.

### **3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.**

Fyrir fundinum liggur uppfærð tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, að teknu tilliti til breytinga sbr. fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. feb. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 með fyrrgreindum breytingum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð á gildistöku þess eins og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123-2010, kveður á um.

### **4. Gjaldskrárhloti fasteigna- og þjónustugjalda 2013, síðari umræða.**

#### *Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2013.*

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

*Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 15.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2013. Gjaldalagi gjalda undir kr. 15.000- verði 1. maí.*

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2013, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.550.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.560.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.550.001- til kr. 2.930.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.560.001- til kr. 3.970.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.930.001- til kr. 3.410.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.970.001- til kr. 4.740.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2012** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:**

A.) Íbúðir

Sorphirðugjald kr. 36.200- á íbúð

B.) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr. 36.200,-

b) kr. 99.600,-

c) kr. 181.600,-

d) kr. 333.200,-

e) kr. 650.000,-

f) kr. 985.700,-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfissgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2013, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

## 5. Gjaldskrár hitaveitu Skútustaðahrepps.

### **Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar**

#### **1. gr.**

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### **2. gr.**

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### **3. gr.**

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 135,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 109,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 82,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 1.178,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 2.374,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 4.730,-

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.074,-

Gjaldnagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

#### 6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m<sup>3</sup>:

Fyrir 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	217.620,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	189,-
Hús stærri en 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	519.283,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	151,-
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	28.898,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk ..... kr. 2.148,-  
í hvert skipti.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

### 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 9. feb. 2012.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 12. desember 2012 og 21. febrúar 2013

## Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnað og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 135,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 109,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 82,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 1.178,-
- b) Fyrir mæli 1" – 2 " ..... kr. 2.374,-
- c) Fyrir mæli 3" og stærri ..... kr. 4.730,-

### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald, kr. 1.074,-.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimæð .....	kr.	450.860,-
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	28.898,-

Lóðarhafar greiða auk heimæðargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk .....

kr.	2.148,-
-----	---------

í hvert skipti.

**7. gr.**

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

**8. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

**9. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 9. febrúar 2012.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 12. desember 2012 og 21. febrúar 2013.

Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla þeim staðfestingar.

**6. Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða, 84. mál.**

Með tölvupósti dags. 7. febrúar er óskað umsagnar sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi. Þar er m.a. lagt til að samið verið við Samband íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtök sveitarfélaga um að sjá um skipulagningu veiðanna og greiðslur til veiðimanna. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir athugasemdir við fyrrgreindan hluta tillögunnar og telur mun eðlilegra að hvert sveitarfélag fyrir sig skipuleggi veiðar á ref og telur þá leið líklegri til árangurs en að fela ofangreindum samtökum skipulagninguna. Ekki veður séð í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni að neinn rökstuðningur sé fyrir breytingunni frá því sem nú er, heldur segir „Ástæðan þess er sú að sveitarfélög hafa séð um skipulagningu grenjavinnslu á sínum svæðum.“ Það er ekki skipulagning veiðanna sem er sveitarfélögunum erfið heldur sá kostnaður sem af veðunum hlýst og er fámennum landstórum sveitarfélögum mjög þungur baggi.

**7. Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 204. mál.**

Með tölvupósti 4. febrúar er óskað umsagnar sveitarstjórnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis) Sveitastjórn Skútustaðahrepps leggst alfarið gegn frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Verði framkomið frumvarp að veruleika og þar

með hækkaður lámámarksfjöldi fulltrúa í sveitarstjórnnum frá því sem nú er, hefur það verulega íþyngjandi áhrif fyrir sveitarfélögin með tilliti til kostnaðar í stjórnsýslunni, auk þess sem ekki verður séð að það bæti stjórnsýsluna með neinum hætti heldur þvert á móti þyngi báknið. Erfitt er að sjá rökin fyrir því að fjölga þurfi t.d. borgarfulltrúum Reykjavíkur í 61 á meðan Alþingi Íslendinga telur ekki nema 63 þingmenn, eða að fámennustu sveitarfélögin skuli ekki hafa færri en 7 sveitarstjórnarfulltrúa. Þá gerir sveitarstjórn einnig athugasemdir við að niðurstaða íbúakosninga eigi að vera bindandi fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmenn geta aldrei verið bundnir af neinu öðru en sinni sannfæringu við afgreiðslu mála en ekki sannfæringu annarra. Jafnframt er gerð athugasemd við 5. gr. þar sem segir: „Ef minnst 10% af þeim sem eiga kosningarétt í sveitarfélagi óska borgarafundar....skal verða við þeirri beiðni svo fljótt sem unnt er...“. Náí þessi breytinga fram að ganga þýðir það að í fámennustu sveitarfélögunum þarf ekki nema eina fjölskyldu eða heimilisfólk á einum bæ, til að óska eftir borgarafundi.

**8. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Ásmundi J. Kristjánssyni v/ Gistiheimilisins Stangar ehf.**

Með bréfi dags. 5. febrúar er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitinga á Gistiheimilinu Stöng, flokkur V. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leiti við að umbeðið leyfi verði veitt.

**9. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 28. jan. viðhorfskönnun vegna endurskoðunar á stjórnfyriřkomulagi Vatnajökulspjódgarðs.**

Með bréfi dags. 28. janúar er kynnt að skipaður hafi verið starfshópur til að endurskoða stjórnfyriřkomulag Vatnajökulspjódgarðs. Liður í þeirri vinnu er að óska eftir afstöðu sveitarfélagsins til núverandi stjórnfyriřkomulags. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að enn hafi ekki komið fram neitt betra stjórnfyriřkomulag heldur en það sem nú er við lýði. Hins vegar ítrekar sveitarstjórn að allir starfsmenn þjódgarðsins ættu að búa í einhverju þeirra sveitarfélaga sem land eiga að Vatnajökulspjódgarði. Þá lýsir sveitarstjórn Skútustaðahrepps yfir vonbrigðum sínum með að uppbyggingaráform hafi ekki gengið eftir eins og áætlanir gerðu ráð fyrir, þar er langur vegur frá.

**10. Erindi frá sýslumanni, ósk um samþykki fyrir afskriftum opinberra gjalda.**

Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa opinber gjöld skv. erindi frá sýslumanni dags. 13. feb. 2013.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.